

Markmið:

Að nemendur

- skilji einfalt mál
- tali einfalt mál
- geti lesið og skrifað einfaldan texta
- öðlist áhuga á tungumálinu

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Nemendur fást við ýmis skrifleg og munnleg verkefni sem og hlustunarverkefni sem bæði eru unnin í einstaklingsvinnu og hópavinnu.

Námsmat:

Símat, kannanir og virkni í kennslustundum.

Námsgögn:

Notast er við bækurnar Yes we can 5 lesbók og vinnubók og Hickory, Dickory, Dock. Ýmis þematengd verkefni svo sem eins og galdrakarlar og nornir, Íþróttir, áhugamál og dýralíf.

Markmið:

Að nemendur geti lesið sér til skilnings og ánægju

- Að nemendur geti dregið rétt starfs og skrifað læsilega
- Að nemendur þekki nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og þekki helstu einkenni þeirra
- Að nemendur þekki einfaldar stafsetningarreglur og nýti þær í daglegu lífi
- Að nemendur þekki reglur um uppbyggingu texta og geti samið texta frá eigin brjósti

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Fimm til sjö kennslustundir í viku. Lestrarstundir, fjölbreyttar kennsluaðferðir, innlögn, upprifjun, nemendur vinna sjálfstætt, í paravinnu og í hópum, ýmis verkefni í ípad (Classroom), þjálfunaræfingar.

Námsmat:

Símat, kannanir, lesfimiþróf þrisvar sinnum á ári, Orðarún – lesskilningsþróf, ýmis verkefni og virkni í kennslustundum.

Námshgögn:

Orðspor – lesbók og vinnubók, Fyrsti smellur, Benjamín Dúfa, Af hverju ég?, lestrarbækur að eigin vali, ýmis ljósrituð verkefni, Málrækt 1, Skrift 4 og Skrift 5

Markmið

Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.

Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurteknar æfingar, leikir, stöðvapþjálfun, þrautabrautir, hópvinna.

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi Langholtsskóla og TBR.

Útitímabil er í byrjun hausts og lok vors.

Kennt er tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn.

Kynntar eru ýmsar íþróttagreinar, reglur og fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni.

Námsmat

Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Einkunn er gefin eftir frammistöðu, virkni og þátttöku þar sem merkin eru frammúrskarandi (blátt), markmiðum náð (grænt), þarfnast þjálfunar (gult) og markmiði ekki náð (rautt).

Frammistaða í stöðluðum prófum er grunnur einkunnar, en virkni í tímum er einnig metin.

Stöðluð próf: þolpróf, stökkpróf, sippupróf, kastpróf, hlaupapróf og styrktarpróf

Námsgögn

Nemendur mæti í íþróttafötum og íþróttaskóm í kennslustundir.

Áhöld í íþróttasal: Minni áhöld: boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur, baunapokar, körfuboltar, fótboltar, handboltar, skotboltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar.

Stærri áhöld: kubbar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet, grindur (fyrir grindahlaup), hástökk uppistöður og rá, langstökkspilanki, gervigrasvöllur, körfuspjald, grasvöllur.

Námsgrein/ar: Myndmennt
Kennarateymi: Magnús Dagur og Bryndís Sveinsdóttir

Markmið

Lögð er áhersla á skapandi hugsun og valdeflandi kennsluhætti í þeirri von að nemendur öðlist aukna trú á eigin getu í skapandi vinnu. Nemendur nýta aðferðir í myndlist til að fara nýjar leiðir og brjóta upp hefðbundin mynstur til að skapa eitthvað nýtt. Þannig vonast kennarar eftir því að efla sjálfstraust nemenda. Lögð er áhersla á hópvinna þar sem kennari vonast til að stuðli af heilbrigðum samskipta og tilfinningalæsi.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Myndmennt er kennd í 12- 14 nemenda hópum 2x2 kennslustundir á viku hluta af skólaárinu. Einnig er einn hópur hálf t skólaárið einu sinni í viku. Reynt er að valdefla nemendur í sköpun og virkja þeirra eigin hugmyndarflug.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnu í tímum og úrslausn úr þeim myndmenntaverkefnum sem lögð eru fyrir og tengjast hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Námsgögn:

Námsgögn eru ýmsar bækur ásamt veraldarvef og fjölbreytt tæki og tól sem eru notuð í myndmenntakennslu.

Markmið:

- Að nemendur geti tekið þá í að skoða og skilgreina eigið umhverfi og náttúru
- Að nemendur geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir, úti og inni
- Að nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð í verklegum æfingum og gert sér grein fyrir mikilvægi gagna til að útskýra hluti
- Að nemendur kynnist samspili vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Náttúrufræðin er samþætt öðrum námsgreinum t.d. mælingar í stærðfræði og smiðju um Ísland. Við förum í vettvangsferðir, gerum tilraunir, rannsóknir og skýrslur. Verkefni eru unnin í hópavinnu, paravinnu og einstaklingslega.

Námsmat:

Símat, kannanir, virkni og vinna í kennslustundum.

Námsgögn:

Náttúrulega 1 lesbók og vinnubók, Grasagarðurinn, verkefnablöð, ýmis ljósrituð blöð

Markmið:

- Að nemendur geti notað kort af Íslandi til að afla sér upplýsinga
- Að nemendur þekki Ísland, landshlutaskiptingu þess og sína heimabyggð
- Að nemendur þekki landnám Íslands og daglegt líf á landnámsöld
- Að nemendur kynnist sögunni í textum, munum, hefðum og minningum
- Að nemendur þjálfist í færni í samskiptum á jafningjagrundvelli
- Að nemendur sýni sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra

Kennsluaðferðir/vinnulag:

2-4 kennslustundir á viku, að mestu kennt í teymiskennslu. Fjölbreyttar kennsluaðferðir, hópavinna, einstaklingsnám, þemavinna, hringekjur, val, bekkjarfundir, kynningar og vettvangsferðir

Námsmat:

Símat, vinna og virkni í kennslustundum.

Námshgögn:

Ísland – hér búum við, kortabækur, vinnubækur, ljósrituð blöð og ýmis verkefni. Víkingaöld og Ég og sjálfsmyndin í lífsleikni.

Markmið:

- Að nemendur auki skilning sinn, kunnáttu og færni í stærðfræði og hún nýtist þeim í daglegu lífi.
- Að nemendur þjálfist í flóknari aðgerðum í samlagningu, frádrætti, margföldun, deilingu og námundun.
- Að nemendur vinni með heilar tölur, tölfræði, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot, margföldun, deilingu og mynstur.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

5 kennslustundir í viku. Fjölbreyttar kennsluaðferðir, innlögn, upprifjun, útikennsla, nemendur vinna sjálfstætt og í hópum

Námsmat:

Kannanir í lok hvers kafla, kannanir þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að bæta hæfniviðmið. Ástundun og virkni í kennslustundum.

Námsgögn:

Stika 1a og 1b, nemendabók og æfingahefti, ítarefni, ýmsar þrautir, æfingar í spjaldtölvum, spil og ljósrituð blöð.

Markmið

Markmið Öryggi og vellíðan í vatni.
Þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hlut í kafi.
Skriðsund fótatak, baksund fótatak, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund.
Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalda.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Kennsluaðferðir/vinnulag Sundkennsla fer fram með og án áhalda. Sundkennsla fer fram í formi leikja, sýnikennslu, stýrikennslu, tækniæfinga, sundþjálfunar og frjálsum leik. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni. Lögð er áhersla á að nemendur fylgi eftir reglum sundstaða.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum, vinnusemi, hegðun og sundfærni.
Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Námsgögn

Nemendur mæti með sundföt og sundgleraugu.
Hringir, korkar, blöðkur, kútar, svamp núðlur.